

## Atli Harðarson

### Formáli að bókinni *Launstafir tímans: Úr hugskoti Heimis Steinssonar*

Ég var fjórtán ára gamall þegar ég kom sem nemandi í Skálholtsskóla og kynntist Heimi Steinssyni. Á því sama ári, 1974, urðu tímamót í íslenskri skólasögu þegar sett voru lög um níu ára grunnskóla fyrir öll börn. Mín skólaganga fylgdi leiðsögn eldri laga þar sem skólaskyldan var sex ár í barnaskóla og tvö ár í gagnfræðaskóla. Barnaskóli Biskupstungna bauð mér og bekkjarfélögum mínum því átta ára nám. Til að komast í menntaskóla þurfti annað hvort að standast landspróf að loknu þriðja námsári á gagnfræðaskólastigi eða gagnfræðapróf að loknu því fjórða.

Þótt Skálholtsskóli væri einkum lýðháskóli fyrir stálpaðri ungmenni hýsti hann líka þriðja bekk gagnfræðaskóla á þessum umbreytingatímum og gaf ungmennum í sveitinni þannig tækifæri til að ljúka níu ára námi í heimabyggð.

Ég hafði áður notið góðrar kennslu en samt voru það mikil viðbrigði að koma í Skálholtsskóla. Bekkurinn, sem hafði nokkrum mánuðum fyrr átt það til að vera nokkuð ódæll, tók að haga sér skikkanlega og það voru engin hræðslugæði. Andinn í skólanum var þannig að háttvísi var sjálfsgöð. Ef til vill mátti að nokkru þakka þetta afar góðum kennarahópi og samvistum við lýðháskólanema sem voru þarna í heimavist. Ég held þó að mestu hafi valdið framkoma þeirra hjóna Heimis og Dóru.

Dóra heilsaði okkur ævinlega þegar við komum inn í skólann að morgni dags og sagði jafnan eitthvað fallett við okkur eins og að við værum sæt og yndisleg. Eftir slíkar kveðjur var ekki hægt að vera með neinn dáraskap. Heimir spjallaði líka við okkur utan kennslustunda og hann talaði ljúfmannlega eins og vinur og félagi en samt af virðuleika. Röddin var hæg og orðfærið auðugt og til marks um lærdóm og ást á móðurmálinu. Það var eins og áhuginn á menntun og menningu væri runninn honum í merg og bein.

Ég man að sumir nemendur lýðháskólans gerðu góðlátlegt grín að tungutaki Heimis og sögðu að hann talaði „kóngamál.“ Hann spurði mig eitt sinn hvort innistæða væri fyrir þessum gamanmálum: „Tala ég eitthvert kóngamál?“ Ég laug eins og ég var langur til og sagði að ekkert væri óvenjulegt við talanda hans. Sannleikurinn var þó sá að ég þekkti engan annan sem sagði „eigi er alls fyrir það að synja“ þegar flestir hefðu látið duga að segja „kannski.“

Heimir var hugsjónamaður um menntun á fleiri vegu en þann að láta sér annt um lærdóm og listir. Hann ræddi um takmarkaðan aðgang að framhaldsskólum sem ranglæti og lét alloft á sér skilja að sér þætti miður að þeir einir sem stæðust próf eins og landsprófið fengju aðgang að menntaskólum og háskólum. Þar átti hann samleið með brautryðjendunum sem stofnuðu fyrstu fjölbrautaskólana á milli 1975 og 1980.

Auk þess sem Heimir var skólastjóri kenndi hann dönsku og sögu í þriðja bekk og ýmsar greinar í lýðháskólanum. Ég skildi það ekki þá – en ég veit það nú eftir að hafa sjálfur starfað áratugum saman við kennslu og skólastjórnun – að vinnudagur hans hefur verið ansi langur. Einn kaflinn í þessari bók er ræða sem Heimir flutti þegar hann sleit Skálholtsskóla í síðasta sinn vorið 1982 og þar hrósar hann Dóru og segir að enginn hafi verið „jafn fákunnandi á

stimpilklukkuna og einmitt hún.“ Ég held að þetta hafi einkennt þau hjón bæði. Þau gáfu sig að skólanum af lífi og sál og töldu ekki vinnustundirnar.

\*

Ég var bókhneigður frá barnsaldri og þegar ég var kominn á fimmtánda ár hafði ég ekki aðeins áhuga á sögum og kvæðum heldur líka á heimspeki og trúarbrögðum. Meðal annars las ég *Ganglera*, tímarit Guðspekifélagsins, og eitthvað af bókum um indverska speki. Á þessum aldri áleit ég að austur þar væri til viturlegri hugsun um hinstu rök tilverunnar heldur en meðal kristinna Evrópumanna. Trúlega gerði ég mér litla sem enga grein fyrir því að í báðum þessum heimshlutum væru til afar margbreytilegar trúarhugmyndir. Nú þykist ég vita að heilaspuni, órar og hindurviti finnist um allar jarðir og líka heilbrigður efi, andleg dýpt og lotning frammi fyrir leyndardómum tilverunnar.

Nokkrum sinnum ræddi Heimir við mig um trúmál þótt ég væri bara krakki. Ég hafði ekki vit á að hlusta mikið eftir því sem hann sagði enda hugði ég að áhugaverðar hugmyndir um slík efni væri fremur að finna í bókum um jóga heldur en í máli íslensks guðfræðings. Sumt sem hann hafði orð á situr samt í minninu. Hann sagði til dæmis eitt sinn við mig að eilífðin væri ekki langur tími, ekki endalaus röð af árum og öldum. Hann lét það líka í ljós að sér félli illa tal um að sálir manna væru á kreiki eftir líkamsdauðann og hefðu samband við lifendur í gegnum miðla. Hindurviti og kukl voru honum lítt að skapi. Mér þóttu þetta eins og ólíkindalæti því ég hélt að kristnir menn álitu að eilíft líf sálarinnar væri framlenging á ævisögunni – meiri tími fremur en tímaleysi. Mig grunaði ekki að á bak við orð Heimis byggi ígrunduð afstaða í þá veru að heimur þess hverfula væri ekki hinn sanni veruleiki – að skólastjórinn væri hugsuður af því tagi sem ég taldi að helst mætti finna í Austurlöndum. Það hvarflaði heldur ekki að mér að slíkir menn gætu gengið um borgaralega klæddir og kennt dönsku. Ég ímyndaði mér þá sitjandi hálfnakta með krosslagða fætur á afviknum stöðum í Himalajafjöllum. Heimir fór ekki þangað til að ná sambandi við almættið en hann nefnir í endurminningum sínum að náttúrulegt umhverfi skipti máli og segir meðal annars að heimsókn í Gjána í Þjórsárdal hafi verið sér andleg vakning.

Eftir að ég las drög að þessari bók og samþykkti að skrifa formála að henni velti ég fyrir mér að hve miklu leyti andinn í Skálholtsskóla var því að þakka að Heimir átti í huga sér sjónarhól sem gnæfði hátt yfir allt hversdagsamstur. Mig grunar að óþekkt í krökkum sé líklegri til að koðna niður og hjaðna ef þeir fullorðnu sjá það smáa sem smátt og láta bernskubrek ekki vaxa sér í augum.

\*

Eftir landspróf vorið 1975 hitti ég Heimi endrum og sinnum en ég man ekki til að við höfum átt samræður að nýju fyrr en sumarið 1981. Þá hafði ég lokið tveimur námsárum í Háskóla Íslands þar sem ég las heimspeki og bókmenntir. Framan af sumri var ég heima hjá foreldrum mínum í Laugarási að jafna mig eftir skurðaðgerð. Heimir hafði veður af því að ég yrði senn vinnufær og bauð mér starf. Hann sagði að sig vantaði „Pótemkin-tjöld“ eins og ég vissi hvers

konar sjónhverfingar það væru. Ég hafði satt best að segja aldrei heyrt söguna um Grígoríj Pótemkin og Katrínu aðra keisaraynju í Rússlandi en sló ekki hendinni á móti atvinnutilboði.

Þegar ég mætti til starfa það Heimir mig að laga til í turni Skálholtskirkju þar sem bækur voru geymdar. Þarna var fjöldi dýrgripa frá fyrri öldum úr fórum Þorsteins Þorsteinssonar (1884–1961) sýslumanns í Döllum. Hann átti á sinni tíð eitt verðmætasta bókasafn í einkaeygn hér á landi. Heimir bað mig umbúðalaust að láta líta svo út að bækurnar væru vel geymdar í turninum. Ég reyndi að gera það – eyddi ummerkjum um raka og málaði vegg og loft. Auðvitað gat ég ekki stillt mig um að fletta sumum bókanna og vel hefði ég viljað dvelja með þeim sumarlangt.

Ég hafði ekki fyrr lokið verki mínu í turninum en Heimir bað mig að laga líka til í skólanum og mála þar kennslustofur og fleiri rými. Ég vann að þessu í nokkrar vikur og suma daga fór hluti vinnutímans í spjall og kaffidrykkju. Heimir var forvitinn um nám mitt í heimspeki og mér þótti skemmtilegra að tala um það við hann en aðra menn. Það sem hann sagði um allt hið hverfula og breytilega – að það væri ekki fyllilega raunverulegt – minnti mig á kenningar fornra grískra spekinga. Ég hafði til að mynda lært um Parmenídes frá Eleu sem var uppi fyrir tveimur og hálfu árþúsundi. Hann sagði að hinn sanni veruleiki væri óbreytilegur en hverfull skynheimur okkar sýndin ein. Þessi hugsun gekk síðar í bland við fræði Platons og fylgismanna hans og áhrifa hennar gætir hjá Ágústínusi frá Hippó sem tengdi saman kristna trú og platonisma í verkum sínum.

Í byrjun fimmtu aldar skrifaði Ágústínus sjálfsvæisögu sem nefnist *Játningar* í íslenskri þýðingu Sigurbjörns Einarssonar. Þau skrif eru augljóslega fyrirmynd að fyrstu köflum þessarar bókar. Hugsun Heimis um eilífð sem er full af ást og friði er líka mjög í anda þessa mesta vitrings kristninnar við lok fornaldar og upphaf miðalda. Á erlendum málum er slík hugsun nefnd með orðinu „mystik.“ Í kafla sem ber yfirskriftina „Unio mystica“ segir Heimir að erfitt sé að þýða það „á íslensku vafningalaust með einu orði“ og bætir við að algengast sé að nefna þetta dulhyggju eða dulspeki – á þeim þýðingum sé þó sá ljóður að þaðan sé stutt stekkjargatan yfir til dulrænna fyrirbæra en mystik sé alls óskyld þeim. Í sama kafla orðar hann kjarnann í hugsun sinni þar sem hann segir: „Til eru tvær tilverumyndir, tími og eilífð. Tíminn er veröld efnis og rúms, með öllum þeim aragrúa fyrirbæra, öllu því jafnvægisleysi og allri þeirri hræringu, sem þar getur að líta. Eilífðin er veröld einingar, jafnvægis og óhagganleika.“ Þarna ræðir hann líka um „kærleikseiningu allra hluta“ að baki alls þess sem kemur og fer.

Öll orð sem við kunnum hafa merkingu úr heimi hverfuleikans. Það er því allt annað en auðvelt að tjá þessa hugsun svo skiljanlegt sé. Sumir hafa þó reynt það með eftirminnilegum hætti eins og Eysteinn Ásgrímsson sem sagði í fyrsta erindi *Lilju* að Guð væri „ei þurfandi stað né stundir, staði haldandi í kyrrleiks valdi“ og bætti við í sjötta erindinu: „Gjörði hann heim ok teygði tíma, tvá jafnaldra í sínu valdi.“ Hér er Guð eins og utan við rúm og tíma. Við getum ef til vill notað líkingamál til að fálma eftir skilningi á því hvernig slíkt má vera. Sé okkar síbreytilega reynsluheimi líkt við gamaldags kvikmynd á filmu þá má hugsa sér að skaparinn horfi ekki á einn ramma og svo annan heldur sjái alla lengjuna í senn. Við getum líka minnt

okkur á að ljósið sem varpar myndinni á tjald er utan við ræmuna og hugsað sem svo að meðvitund okkar frá augnabliki til augnabliks sé eitthvað í ætt við ljós sem á uppruna utan við tímann.

Um þessi efni ræddi Heimir stundum við mig. Ég var jafnan útataður í málningu og með húfu úr dagblaðapappír svo hún færi ekki í hárið á mér. Ég skildi sennilega ekki nema í mesta lagi til hálf s hvað honum var mikil alvara – var líklega enn með fordóma í þá veru að dulspekingar væru hafnir yfir hversdagslegt líf – en Heimir var svo mannlegur sem verið gat og hafði sína bresti eins og hann segir sjálfur frá í sjálfsævisögulegum köflum þessarar bókar. Ég skil það betur nú þegar ég hef nýlega lesið hugleiðingar hans og frásagnir að það sem var mér aðeins þankabrot úr gömlum bókum var Heimi ekki neitt menntaglys heldur uppistaðan í eigin hugsun og hátterni. Ég átta mig líka á því núna að þótt ég hafi kynnst Heimi sem kennara og sem dulspekingi þekkti ég aðeins lítinn hluta alls þess sem hann starfaði að og stóð fyrir.

Heimir var prestur og þjónaði fyrst á Seyðisfirði og síðar á Þingvöllum. Hann var kennimaður sem fólk leit upp til og þegar hann gaf kost á sér í biskupskjöri árið 1989 var hann sá af fjórum frambjóðendum sem fékk næstflest atkvæði. Hann var líka fræðimaður, háskólakennari, útvarpsstjóri og þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Ég veit að á margvíslegum vettvangi kynntist fólk honum sem einkar vingjarnlegum manni, gáfuðum og viðræðugóðum.

Skrif Heimis bera það með sér að hann var hugsjónamaður um margt ekki síst um málrækt og þjóðleg menningarverðmæti, en líka um velferðarsamfélagið, náttúruvernd og fleiri efni. Allt birtist þetta í textum sem hér fara á eftir og þar fá lesendur líka vitneskju um menntun hans frá bernsku og fram á fullorðinsár – hvernig hann mótaðist af fólki sem hugsaði stórt, var orðinn ljóðskáld á unglingsaldri, átti glæsilegan námsferil í háskóla og þreyttist aldrei á að afla dýpri skilnings á tilverunni.

\*

Ég man ekki til þess að hafa rætt við Heimi í Skálholti eftir að ég kláraði málningarvinnuna síðsumars 1981. Ég hitti hann næst svo ég muni á Þingvöllum. Ég er þá enn að læra heimspeki og Heimir lætur þess getið að hefði hún verið í boði þegar hann hóf háskólanám þá hefði hann kosið hana sem aðalnámsgrein. Talið berst að fegurð Þingvalla og Heimir segir að grái liturinn sé fegurstur allra lita og svo vill hann spjalla um eilífðarmálin. Ég malda eitthvað í móinn og segi að allt sé í heiminum hverfult. Það er ekki mín gáfa að trúa. Mín gáfa er fremur að efast.

Þótt ég sjálfur viti ekki til þess að hafa skynjað neitt sem er handan við tímans tjald þá er það mér mikils virði að hafa kynnst manni sem talaði við eilífðina. Þetta er ef til vill jafn dýrmætt þótt slíkt tal sé ekkert annað en brotabrot af dásemd þess stundlega. Hugmyndin um „kærleikseiningu allra hluta“ bregður birtu á hið hversdagslega – jafnvel þótt manni sé ekki gefið að trúa henni nema rétt svo í aðra röndina.

*Atli Harðarson*

*í nóvember 2021*